

Fundarnúmer:	574
Dagsetning:	01.12.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

574. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 1. desember 2008 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Erindi Farskólans, miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra.
2. Erindi Gauksmýri ehf.
3. Erindi Ferðamálafélags V-Hún.
4. Erindi Snorraverkefnisins.
5. Tryggingar Húnaþings vestra
6. Heimaæðargjald hitaveitu í hesthúsahverfi.
7. Gatnalýsing í Hallartröð.
8. Ársreikningar; Reykjatangi 2007, Félagsheimilið Hvammstanga 2007 og Félagsheimilið Víðihlíð 2006 og 2007.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt erindi Farskólans, miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra þar sem óskað er eftir rekstrarframlagi frá Húnaþingi vestra á árinu 2009. Erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.
2. Erindi Gauksmýrar ehf lagt fram. Óskað er eftir fjárstuðningi frá Húnaþingi vestra við uppbyggingu Hrafnaseturs. Erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.
3. Fram lagt erindi Ferðamálafélags V-Hún. þar sem óskað er eftir fjárframlagi á árinu 2009. Samþykkt að vísa erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar.
4. Erindi Snorraverkefnisins lagt fram. Óskað er eftir fjárstuðningi við móttöku ungmenna af íslenskum ættum frá Kanada og Bandaríkjunum. Erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.
5. Byggðarráð samþykkir að endurnýja samning við VÍS um tryggingar fyrir Húnaþing vestra. Samningurinn er til þriggja ára 2009-2011. Byggðarráð felur sveitarstjóra undirritun samningsins. Elín R. Líndal vék af fundi við umræðu og afgreiðslu þessa dagskrárliðar vegna vanhæfis.
6. Farið yfir tillögu um innheimtu heimaæðargjalds hitaveitu í hesthúsahverfi. Frekari umræðu og afgreiðslu frestað til næsta fundar byggðarráðs.
7. Byggðarráð samþykkir að setja upp gatnalýsingu í Hallartröð á árinu 2008.
8. Til kynningar lagðir fram ársreikningar Reykjatanga 2007, Félagsheimilisins Hvammstanga 2007 og Félagsheimilisins Víðihlíð 2006 og 2007. Samþykkt að taka á dagskrá:
9. Samþykkt að boða fulltrúa atvinnufyrirtækja og stofnana til fundar um stöðu atvinnumála nk. laugardag kl. 09:30.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 10:45

Heimir Ágústsson(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Elín R. Líndal(sign.).
Áheyrnarfulltrúi:
Oddur Sigurðarson(sign.).